

Alþingi
Erindi nr. P 130/288
komudagur 25.11.2003

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar
um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna**

Umsagnaraðili: Femínistafélag Íslands
20. nóvember 2003
130. löggjafarþing
Þskj. 15 – 15. mál

Femínistafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við ofangreinda þingsályktunartillögu. Við teljum skynsamlegustu lausnina felast í samþættingu margra aðgerða og eru þær leiðir sem við teljum vænlegastar til árangurs ræddar hér að neðan.

Við tökum undir með flutningsmönnum um nauðsyn þess að *útbúa langtíma framkvæmdaáætlun* með það að markmiði að útrýma launamun kynjanna. Einnig tökum við undir það sjónarmið flutningsmanna að skilgreina þurfi betur *ábyrgðarsvið jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna* og gera starfslýsingar þeirra nákvæmari.

Í greinargerð flutningsmanna kemur fram að Jafnréttisstofa gegni fyrst og fremst ráðgjafarhlutverki en hafi ekkert opinbert vald eða umboð til eftirlits með lögunum. Við teljum eðlilegt að til sé opinber stofnun sem sinni *virku eftirliti með jafnréttismálum* og að hún hafi *vald til að grípa til nauðsynlegra úrræða* þegar miður fer, á sama hátt og samkeppnisstofnun sinnir eftirliti með samkeppnismálum og hefur vald til að grípa inn í þegar samkeppnislög eru brotin.

Okkur þykir eðlilegt að hið opinbera beiti sér fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins komi á *kynhlutlausu launakerfi* með hlutlægum matsþáttum og styðjist við starfs-, hæfnis- og frammistöðumat.

Til viðbótar við þessar aðgerðir leggjum við til að *launaleynd verði aflétt* á íslenskum vinnumarkaði, enda ómögulegt ella fyrir starfsfólk fyrirtækja að gera sér grein fyrir hvort jafnréttislög hafi verið brotin. Ljóst er að lítið ávinnst með setningu jafnréttislaga ef ekki eru forsendur til að fylgja þeim eftir.

Að síðustu teljum við nauðsynlegt að tryggja að trúnaðarmenn starfsmanna og stéttarfélög hafi greiðan aðgang að kyngreindum upplýsingum um launakjör starfsfólks.

Við leggjum til að **Tillaga til þingsályktunar** um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna verði orðuð á eftirfarandi hátt (breytingar undirstrikaðar):

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa framkvæmdaáætlanir tii sex ára með því markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Framkvæmdaáætlanirnar verði tvær, annars vegar fyrir opinberan vinnumarkað og hins vegar fyrir almennan vinnumarkað. Þær skulu unnar eftir fongum í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga og í þeim skal sett fram tímaáætlun um aðgerðir. Beitt verði ákvæði 22. gr. jafnréttislaga um jákvæða mismunun, að undangenginni rannsókn á launamun kynjanna og öðrum þáttum launakjara, sbr. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Greina skal upp byggingu launakerfa og kjarasamninga með tilliti til kerfislægrar mismununar. Unnið verði að því að aflétta launaleynd og tryggt verði að trúnaðarmenn starfsmanna og stéttarfélög hafi greiðan aðgang að kyngreindum upplýsingum um launamál starfsfólks.

Framkvæmdaáætlanirnar verði lagðar fyrir Alþingi haustið 2004. Á tveggja ára fresti fram til ársins 2010 skal fjármálaráðherra í samráði við félagsmálaráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framvindu mála.